

Reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum, tók gildi í október 2011.

## Aukefnalistar komnir út

Komin er út reglugerð nr. [921/2012](#) sem breytir reglugerð nr. 978/2011 með því að innleiða:

- Viðauka II sem birtur var í EB gerð 1129/2011 - [EES viðbætur bls. 92](#), Viðauki II tekur gildi 1. júní 2013. Í viðauka II eru listar yfir aukefni sem eru samþykkt til notkunar í hina ýmsu matvælaflokka og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- Viðauka III sem birtur var í EB gerð 1130/2011 - [EES viðbætur bls. 807](#), Viðauki III hefur þegar tekið gildi. Í viðauka III eru listar yfir aukefni sem eru samþykkt til notkunar í aukefni, bragðefni, ensím og næringarefni.
- breytingu á viðauka II, birt í EB gerð 1131/2011 - [EES viðbætur bls. 521](#).

Til upplýsingar má benda á að áður höfðu komið tvær breytingar á reglugerð 978/2011:

- Reglugerð nr. [1117/2011](#) um breytingu á viðauka V
- Reglugerð nr. [1056/2011](#) um breytingu á viðauka V

Ath. Í innleiðingareglugerð 921/2012 kemur fram að ammóníumklóríð sé aukefni og þar eru hámarksgildi og takmarkanir á notkun. Hefð er fyrir því að Norðurlönd og Holland hafi landsákvæði um þetta efni vegna notkunar þess í lakkrísvörur sem eru vinsælar í þeim löndum. Efnið hefur ekki áhrif á heilsu í litlu magni en hefur neikvæð heilsuáhrif í stærri skömmtum og því er ástæða til að takmarka notkun þess. Ammóníumklóríð, öðru nafni salmíak, hefur númerið 510, en ekkert E fyrir framan, því efnið er ekki aukefni skv. EB reglum.

## Eldri reglugerð um aukefni

Reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, með síðari breytingum, var að hluta felld úr gildi í reglugerð nr. 981/2011. En aukefnalistar eru þó áfram í gildi til 1. júní 2013, þegar viðauki II við 978/2011 tekur við.

## Reglugerðarpakki EB um aukefni, bragðefni og ensím

Reglugerð 978/2011 er hluti af reglugerðarpakka um aukefni, bragðefni og ensím. Aðrar gerðir eru:

- Reglugerð nr. 976/2011 um gildistöku reglugerðar nr. 1331/2008 um **leyfisveitingu** fyrir aukefni í matvælum, ensím og bragðefni.
- Reglugerð nr. 977/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um **ensím** í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97.
- Reglugerð nr. 980/2011 18. október 2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 um **bragðefni** og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB.

Gagnlegt getur verið að skoða síður Evrópusambandsins um [aukefni](#) og [gagnagrunn](#) sem þar er.

Gagnagrunnurinn er enn sem komið er aðeins með upplýsingar úr viðauka II, en verður líka með viðauka III.

5. nóvember 2012